

Úthlutun til nýrra verkefna úr Rannsóknarnámssjóði 2009

Stjórn Rannsóknarnámssjóðs hefur lokið við úthlutun til nýrra verkefna fyrir árið 2009; 94 milljónum króna var úthlutað til bæði doktors- og meistaraverkefna.

Alls bárust 109 umsóknir um almennan styrk úr Rannsóknarnámssjóði að þessu sinni og voru 25 þeirra styrktar eða 22,9% (fjöldi). Sótt var um röskar 563 milljónir króna en um 94 milljónum króna var veitt eða 16,8% (upphæð). Meðalupphæð umsókna var um 5,1 milljón króna en meðalupphæð styrkja nú er rétt um 3,8 milljónir króna.

Alls bárust 64 umsóknir um styrk til doktorsnáms og voru 14 þeirra styrktar eða 21,9% (fjöldi). Sótt var um ríflega 462 milljónir króna en um 85 milljónum króna var veitt eða 18,5% (upphæð). Meðalupphæð umsókna til doktorsnáms var 7,2 milljónir króna en meðalupphæð styrkja til doktorsnema er nú 6,1 milljón króna. Styrkir til doktorsnáms eru veittir til eins, tveggja eða þriggja ára. Gerður er samningur til eins árs í senn og er framhaldsstyrkur háður bæði framvindu verkefna og opinberum framlögum í sjóðinn.

Alls bárust 45 umsóknir um styrk til meistaranáms og voru 11 þeirra styrktar eða 24,4% (fjöldi). Sótt var um rétta 101 milljón króna en 9,2 milljónum króna var veitt eða 9,1% (upphæð). Meðalupphæð umsókna til meistaranáms var 2,2 milljónir króna en styrkupphæð til meistaranema nemur að þessu sinni 840 þús. kr. eða fjórum mannmánuðum á hvert verkefni.

Af styrktum verkefnum koma fjögur (16%) af sviði verkfræði, tækni- og raunvísinda, níu (36%) af sviði náttúruvísinda og umhverfisvísinda, sjö verkefnanna (28%) tengjast heilbrigðisvísindum og lífvísindum og loks eru fimm (20%) af sviði félagsvísinda og hugvísinda.

Styrkþegar stunda nám við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Hólaskóla - Háskólann á Hólum og erlenda háskóla. Enn fremur stunda nokkrir þeirra nám í samstarfi háskóla og rannsóknastofnana á borð við Landspítala-Háskólasjúkrahús.

Meðal þeirra sem hljóta styrk til doktorsnáms að þessu sinni eru níu konur og fimm karlar. Í hópi þeirra sem hljóta styrk til meistaranáms eru sjö konur og fjórir karlar. Alls hljóta því 16 konur og 9 karlar styrk úr Rannsóknarnámssjóði að þessu sinni.

Styrkir til doktorsnáms (14)				
Nafn nemanda	Verkefni	Skóli	Aðalleiðbeinandi	Styrkur þús. kr.
Agnes Gísladóttir	Fæðingarútkomur kvenna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi	Háskóli Íslands	Unnur Anna Valdimarsdóttir	7.950
Björn Agnarsson	Þróun nýrrar örflögutækni fyrir smásjárskoðun lífrænna sýna	Háskóli Íslands	Kristján Leósson	3.180

Björn Þór Vilhjálmsson	Halldór Laxness, kvikmyndir og nútímavæðing á Íslandi	University of Wisconsin, Madison	Susan C. Brantly	4.240
Darren Jon Larsen	3000 years of annually resolved climate from Hvítárvatn	University of Colorado, Boulder/Háskóli Íslands	Áslaug Geirsdóttir	7.950
Fífa Konráðsdóttir	Fituefni úr þorskalýsi nýtt til þróunar augnlyfja	Háskóli Íslands	Þorsteinn Loftsson	2.650
Freydís Vigfúsdóttir	Lýðfræðilegar takmarkanir í norrænum sjófuglastofnum – Kría	University of East Anglia	Jennifer A. Gill	7.950
Guðrún Þengilsdóttir	Meðferðarhaldni á statínum, þunglyndis- og sykursýkilyfjum	Háskóli Íslands	Anna Birna Almarsdóttir	7.950
Hilmar Finnsson	Kvikar leitaraðferðir í alhliða leikjaspilun	Háskólinn í Reykjavík	Yngvi Björnsson	7.950
Karen Rut Gísladóttir	Ný nálgun á lestrar- og ritunarkennslu heyrnarlausra nemenda	Háskóli Íslands	Hafþór Guðjónsson	3.975
Rúnar Leifsson	Dýrafórnir, grafsiðir og samfélag víkingaaldar á Íslandi	Háskóli Íslands	Orrí Vésteinsson	7.950
Sandra Maertha Elfríde Lyngdorf	Compensation mechanisms and the European Court	University of Amsterdam	P.A. Nollkaemper	6.890
Sunna Helgadóttir	Hönnun á bakteríu GlnRS	Háskóli Íslands	Ólafur S. Andrésson	3.180
Tinna Eysteinsdóttir	Næring á lífsleiðinni og heilsa meðal aldraðra	Háskóli Íslands	Laufey Steingrimsdóttir	5.830
Þórey Ólöf Gylfadóttir	Niturjöfnuður í ræktuðum vistkerfum	Landbúnaðarháskóli Íslands	Áslaug Helgadóttir	7.950
			Alls veitt til doktorsnáms:	85.595
Styrkir til meistaranáms (11)				
Nafn nemanda	Verkefni	Skóli	Aðalleiðbeinandi	Styrkur
Atli Hafþórsson	Áhættuhegðun unglunga í evrópskum eyjasamfélögum	Háskólinn á Akureyri	Þóroddur Bjarnason	840
Daniel Paul Govoni	Áhrif vistfræðilegra þátta á smádýralíf í lindum	Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	Jón S. Ólafsson	840

Edda Bjarnadóttir	Áhrif hugsanlegs æxlisgens ERLIN2 á apoptosu í brjóstafrumum	Háskóli Íslands/Landspítali Háskólasjúkrahús	Inga Reynisdóttir	840
Elísabet Margeirsdóttir	Járnhagur 9 og 15 ára barna og mat á lífaðgengi járns í fæðu	Háskóli Íslands	Ingibjörg Gunnarsdóttir	840
Fjalarr Páll Mánason	Flóðagreining með bayesískri tölfræði	Háskóli Íslands	Birgir Hrafnkelsson	840
Guðbjörg Jónsdóttir	Áhrif náttúruafna á þroskun angafrumna í mönnum	Háskóli Íslands/Landspítali Háskólasjúkrahús	Jóna Freysdóttir	840
Heiða Sigþórsdóttir	Áhrif ómega 3-fitusýra og salicílsýru á hjöðnun(lausnarfasa)	Háskóli Íslands	Ingibjörg Harðardóttir	840
James Cathal Mc Ewan	Molecular mechanisms of jaw development in Arctic charr	Háskóli Íslands	Arnar Pálsson	840
Kristín Soffía Jónsdóttir	Hagræn áhrif á umferðarslysapróun á Íslandi	Háskóli Íslands	Guðmundur Freyr Úlfarsson	840
Ragnhildur G Finnbjörnsdóttir	Heilsufarsleg áhrif loftmengunar í Reykjavík á hjartasjúklinga	Háskóli Íslands	Vilhjálmur Rafnsson	840
Sara Sigurbjörnsdóttir	Gerstofnar til framleiðslu próteina	Háskóli Íslands	Ólafur S. Andrésen	840
			Alls veitt til meistaranáms:	9.240
		Alls veitt úr Rannsóknarsnámssjóði:		94.835